# Minnisblað

**Könnun á mögulegri efnistöku fyrir Biskupstungnabraut um Geysi í Haukadal**

Höskuldur Búi Jónsson

Hér er farið yfir gamlar og mögulega nýjar námur í nágrenni við væntanlega Biskupstungnabraut um Geysi í Haukadal. Umferðin þar er núna yfir 2000 ÁDU og því miklar kröfur gerðar til efnisgæða fyrir veginn sem hefur töluverð áhrif á fjölda þeirra náma sem teknar eru með. Skimað var eftir námum sem eru á skipulagi eða í námuskrá Vegagerðarinnar, auk þess sem aðrir möguleikar voru skoðaðir eftir því sem við á.

Farið var um svæði sem er við veglínu og því lengra sem farið er frá veglínu því betra þarf efnið að vera til að það sé tekið með, t.d. eru hafðar með mögulegar burðarlags og klæðingarnámur sem eru allt að 20 km í burtu, 15 km fyrir styrktarlagsnámur en ekki er farið lengra en 10 km til að lista upp námur sem eru eingöngu fyllingarefnisnámur. Ekki er farið austur fyrir Hvítá við Brúarhlöð þar sem efnisflutningar yfir brúnna þykja ekki vænlegir. Ekki er búið að rannsaka þessi svæði meir en stendur í viðkomandi köflum og mögulega geta bæst við nýir efnistökustaðir. Allar magntölur eru áætlaðar út frá athugun á staðnum og loftmyndatúlkun og fjarlægðir eru reiknaðar af loftmynd frá veglínu 314.

Staðsetning náma samanborið við væntanlegt framkvæmdarsvæði er sýnt á mynd 1, en mögulegar útlínur efnistökusvæða eru sýnd á myndum við viðkomandi námu, en einnig má nálgast dgn skrá miðlægt á S-drifinu: **S:\Mannvirki\3\35 Biskupstungnabraut\35-08\35-08_Biskupstungnabraut-Haukadalsvegur\02 Frumdrög\Teikningar**



**Mynd 1**

Möguleg efnistökusvæði eru merkt með bleikum hringjum og framkvæmdarsvæðið við Geysi er merkt með bláum ferningi.

## 1. Efnistökuáætlun

Möguleg efnistökuáætlun gæti litið svona út (tafla 1) og er hér raðað í fjarlægð frá veglínum. Þessi áætlun á eftir að taka breytingum út af ýmsum ástæðum, þ.e. efnið getur verið of lélegt, of dýrt eða of erfitt að taka og enn óljóst með leyfi landeiganda. Þá geta komið í ljós fornleifar, gróður eða fuglalíf sem haft getur áhrif á efnistökuna. Af þeim ástæðum er reiknað með meiri efnistöku en þörf er á, samtals mögulegt magn er mun meira en þörfin. Farið er yfir hvern efnistökustað í köflum hér á eftir, en þar er þeim skipt upp eftir því í hvaða átt farið er frá veglínu og raðað upp í fjarlægð.

Neðst í töflunni hér að neðan má sjá efnisþörf miðað við hönnun eins og hún er núna og notuð veglína 314, en lítill munur er á efnisþörf veglínu 314 og 317 sem eru líklegustu veglínurnar núna.

| | **Fyllingar og fláafleygar ($m^3$)** | **Styrktarlag ($m^3$)** | **Burðarlag ($m^3$)** | **Klæðing ($m^3$)** | **Samtals ($m^3$)** |
|---|---|---|---|---|---|
| **E77 – Haukadalur (0,1 km)** | 10.000 | 5.000 | | | **15.000** |
| **E78 – Haukadalur (1,2 km)** | 10.000 | 10.000 | | | **20.000** |
| **E79 – Brú (0,1 km)** | 10.000 | 5.000 | | | **15.000** |
| **E80 – Brú (0,1 km)** | | 30.000 | 10.000 | | **40.000** |
| **E76 – Neðri Dalur (1,5 km)** | 20.000 | | | | **20.000** |
| **E74 – Stakksá (2,3 km)** | 30.000 | | | | **30.000** |
| **E84 – Brattholt (3,3 km)** | | | 20.000 | 10.000 | **30.000** |
| **E73 – Gýgjarhólskot (4,7 km)** | 20.000 | | | | **20.000** |
| **E72 – Gýgjarhólskot (5,8 km)** | 30.000 | 10.000 | | | **40.000** |
| **E71 – Gýgjarhólskot (5,9 km)** | 30.000 | 10.000 | | | **40.000** |
| **E54 – Andalækur (7,3 km)** | 15.000 | | | | **15.000** |
| **Blindhæð Einholtsv. (7,4 km)** | | | 30.000 | 10.000 | **40.000** |
| **E53 – Stekkholt (9,0 km)** | 15.000 | | | | **15.000** |
| **E89 – Tunguheiði (9,4 km)** | | 15.000 | 5.000 | | **20.000** |
| **E45 – Efri Reykir (13,9 km)** | | 10.000 | | | **10.000** |
| **E48 – Stekkatún (13,9 km)** | | 8.000 | | | **8.000** |
| **E43 – Efsti Dalur (16,0 km)** | | 40.000 | 10.000 | | **50.000** |
| **E66 – Galtalækur (18,7 km)** | | | 40.000 | 10.000 | **50.000** |
| **Samtals mögulegt magn** | **190.000** | **143.000** | **115.000** | **30.000** | **478.000** |
| **Þörf í veglínu 314** | 19.800 | 27.400 | 9.700 | 2.500 | **59.400** |
| **Þörf í tengingu Geysir** | 3.200 | 3.700 | 1.300 | 300 | **8.500** |
| **Þörf í tenging sumarhúsa** | 7.900 | 8.900 | 3.200 | 400 | **20.400** |
| **S A M T A L S þörf:** | **30.900** | **40.000** | **14.200** | **3.200** | **88.300** |

## 2. Í og við veglínu

*E77 – Haukadalur.*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Fornar áreyrar   |
| Rannsóknir til | Engar rannsóknir til |
| Líklegt efni | Líklega sandríkt efni, með möl. |
| Nothæft í | Fyllingarefni/styrktarlag |
| Svæði og magn | 15.000 $m^2$ og 15.000 $m^3$ |
| Jörð | Haukadalur |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 0-100 m fjarlægð frá veglínu, vinstra megin við stöð 2000-2100 |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E77) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Meðal, áberandi frá vegi |
| Vankantar námu | Vatn í námu, stutt í grunnvatn. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E78 – Haukadalur. Við Flugvöll (nnr.16652)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Árhjalli  |
| Rannsóknir til | Gamlar kornadreifingar og viðloðunarpróf |
| Líklegt efni | Líklega sandríkt efni, með möl |
| Nothæft í | Fyllingarefni/styrktarlag |
| Svæði og magn | 10.000 $m^2$ og 20.000 $m^3$ |
| Jörð | Haukadalur |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | ~1.200 m frá stöð um 2100 til vinstri |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E78) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Lágt |
| Vankantar námu | Vatn í námu, stutt í grunnvatn |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E79 – Brú. Tungufljótsgryfja (nnr.22476)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Fornar áreyrar   |
| Rannsóknir til | Gamlar kornadreifingar, berggreining og viðloðunarpróf. Einnig gryfjulýsingar. |
| Líklegt efni | Sandrík möl |
| Nothæft í | Fyllingarefni/styrktarlag |
| Svæði og magn | 15.000 m$^2$ og 30.000 m$^3$ |
| Jörð | Brú |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 50-150 m fjarlægð frá stöð 3400-3600 til hægri |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E79) – (2 ha/50.000 m$^3$) |
| Verndargildi | Meðal, áberandi frá vegi |
| Vankantar námu | Þar sem efni er óhreyft, er þykk mold (2,2-2,3 m). Vatn er í námubotni, stutt í grunnvatn. Fyrrum eigandi vildi ekki selja Vegagerðinni efni |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni. |

*E80 – Brú. Tungufljót - Brúarnáma (nnr.16649)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Árhjalli   |
| Rannsóknir til | Gamlar kornadreifingar, berggreining, LA gildi og viðloðunarpróf. |
| Líklegt efni | Sandrík möl og hugsanlega klöpp |
| Nothæft í | Styrktarlag/burðarlag? |
| Svæði og magn | 20.000 $m^2$ og 40.000 $m^3$ |
| Jörð | Brú |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 20-150 m fjarlægð frá stöð 4200-4450 til hægri |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E80) – (9.5 ha/130.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Meðal, áberandi frá vegi |
| Vankantar námu | Þar sem efni er óhreyft, eru gömul tún og þykk mold. Vatn er í námubotni, stutt í grunnvatn. Vestast er komið klapparstál. Mögulega er verið að nota efnið í annað (virkjunarframkvæmdir) |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. Mögulega má skoða klöppina og hvort hún sé nothæf í burðarlag. |

## 3. Til vesturs í átt að Laugavatni (vegir 35-08 og 37-04)

*E76 – Neðri-Dalur. Neðra-Dalsnáma (nnr.20128)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Forn sjávarkambur - árkeila  |
| Rannsóknir til | Gamlar berggreiningar |
| Líklegt efni | Mögulega möl með moldarlinsum á milli |
| Nothæft í | Fyllingarefni |
| Svæði og magn | 10.000 $m^2$ og 20.000 $m^3$ |
| Jörð | Neðri-Dalur |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 1,5 km fjarlægð frá stöð 0, til suðurs/vesturs (vegur 35) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E76) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Meðal, áberandi frá vegi |
| Vankantar námu | Þar sem efni er óhreyft, eru gömul tún og þykk mold. Flytja þarf efnið um umferðarmikinn veg. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E74 – Stakksá. Stakksá (nnr.16653)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Árhjalli - árkeila   |
| Rannsóknir til | Sama náma og E75 í námukerfi Vegagerðarinnar. Gamlar kornadreifingar og berggreining. |
| Líklegt efni | Mögulega möl með moldarlinsum á milli |
| Nothæft í | Fyllingarefni |
| Svæði og magn | 30.000 $m^2$ og 50.000 $m^3$ |
| Jörð | Múli, Neðri-Dalur |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 2,3 km fjarlægð frá stöð 0, til suðurs/vesturs (vegur 35) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E74) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Meðal, áberandi frá vegi |
| Vankantar námu | Flytja þarf efnið um umferðarmikinn veg. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E54 – Andalækur. Andalækur (nnr.16793)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Árfarvegur/áreyrar   |
| Rannsóknir til | Gamlar kornadreifingar |
| Líklegt efni | Sandrík möl |
| Nothæft í | Fyllingarefni |
| Svæði og magn | 15.000 $m^2$ og 15.000 $m^3$ |
| Jörð | Dalsmynni |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 7,3 km fjarlægð frá stöð 0, til suðurs/vesturs (vegir 35 og 37) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E54) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Lágt/meðal. |
| Vankantar námu | Í árfarvegi, mögulega veiðiá. Líklega langt farið til að ná í fyllingarefni og um umferðarmikinn veg. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E53 – Stekkholt.*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Árfarvegur/áreyrar og mögulega fornar áreyrar  |
| Rannsóknir til | Ekkert til |
| Líklegt efni | Sandrík möl |
| Nothæft í | Fyllingarefni |
| Svæði og magn | 15.000 $m^2$ og 15.000 $m^3$ |
| Jörð | Stekkholt |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 8,0-9,0 km fjarlægð frá stöð 0, til suðurs/vesturs (vegir 35 og 37). Ónákvæmt þar sem ekki er eiginlegur námuvegur. |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E53) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Lágt/meðal. |
| Vankantar námu | Í árfarvegi, mögulega veiðiá. Líklega langt farið til að ná í fyllingarefni og um umferðarmikinn veg. Enginn námuvegur. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E45 Efri-Reykir. Brúará 1 (nnr. 16784)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Árfarvegur/áreyrar  |
| Rannsóknir til | Gamlar kornadreifingar |
| Líklegt efni | Sandrík möl |
| Nothæft í | Styrktarlag? |
| Svæði og magn | 10.000 $m^2$ og 10.000 $m^3$ |
| Jörð | Efri-Reykir |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 13,9 km fjarlægð frá stöð 0, til suðurs/vesturs (vegir 35 og 37) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E45) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Lágt/meðal. |
| Vankantar námu | Í árfarvegi, mögulega veiðiá. Líklega langt farið til að ná í styrktarlagsefni og um umferðarmikinn veg. Mögulega er hér ýtt reglulega upp úr farvegi. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E48 Stekkatún. Brúará II (nnr. 16783)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Árfarvegur/áreyrar   |
| Rannsóknir til | Engar rannsóknir |
| Líklegt efni | Sandrík möl |
| Nothæft í | Styrktarlag? |
| Svæði og magn | 8.000 $m^2$ og 8.000 $m^3$ |
| Jörð | Stekkatún |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 13,9 km fjarlægð frá stöð 0, til suðurs/vesturs (vegir 35 og 37) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E48) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Lágt/meðal. |
| Vankantar námu | Í árfarvegi, mögulega veiðiá. Líklega langt farið til að ná í styrktarlagsefni og um umferðarmikinn veg. Mögulega er hér ýtt reglulega upp úr farvegi. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E43 Efsti-Dalur*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Grágrýtisklöpp   |
| Rannsóknir til | Engar rannsóknir hjá Vegagerðinni. Upplýsingar frá landeiganda bendir til að LA gildið sé um 25 |
| Líklegt efni | Ferskt smástuðlað berg, malarkennt efst |
| Nothæft í | Styrktarlag/burðarlag |
| Svæði og magn | 10.000 m$^2$ og 50.000 m$^3$ |
| Jörð | Efsti-Dalur |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 16,0 km fjarlægð frá stöð 0, til suðurs/vesturs (vegur 35 og 37) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E43) – (2 ha/50.000 m$^3$). Ekki nákvæm staðsetning. |
| Verndargildi | Lágt/meðal. Ef efnistökusvæði unnið rétt, þá lágt verndargildi, en við veg |
| Vankantar námu | Langt farið, en þess virði ef gæðaefni. Farið um umerðarmikinn veg. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, bora í námu og rannsaka efni. Koma inn á skipulag. |

## 4. Til vesturs og suðurs í átt að Reykholti (vegir 35-08 og 35-07)

*E66 – Galtalækur. Klöpp við Ásakot (nnr. 22343)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Grágrýtisklöpp   |
| Rannsóknir til | Rannsakað vel 2018-2019 og stenst kröfur til klæðingarefnis fyrir umferð >2000 |
| Líklegt efni | Ferskt smástuðlað berg, malarkennt efst |
| Nothæft í | Burðarlag/klæðing |
| Svæði og magn | 8.000 $m^2$ og 50.000 $m^3$ |
| Jörð | Galtalækur |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 18,7 km fjarlægð frá stöð 0, til suðurs/vesturs (vegur 35 og 359) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E66) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Lágt |
| Vankantar námu | Farið um umferðarmikinn veg, en einnig hægt að fara um umferðarminni veg (þá lengra og komið að austanverðri veglínu). Efnið þarf að vinna þar sem er vatn ef nota á það í klæðingar. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni |

## 5. Til austurs og norður (vegir 35-08, 35-09 og 35-11)

*E84– Brattholt. Brattholtsnáma (nnr. 16654)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Grágrýtisklöpp  |
| Rannsóknir til | Ekki til rannsókn á klöppinni |
| Líklegt efni | Ferskt smástuðlað berg |
| Nothæft í | Burðarlag/klæðing |
| Svæði og magn | 5.000 $m^2$ og 30.000 $m^3$ |
| Jörð | Brattholt |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 3,3 km fjarlægð frá stöð 4700, til austurs |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E84) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Lágt/meðal. Hægt að vinna þannig að sjáist ekki mikið frá vegi |
| Vankantar námu | Efnið þarf að vinna þar sem er rennandi vatn, ef nota á það í klæðingar. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, bora í námu og rannsaka efni. |

*E89 – Tunguheiði (Klöpp við Kjalveg)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Grágrýtisklöpp   |
| Rannsóknir til | Ekki til rannsókn á klöppinni |
| Líklegt efni | Klöpp brotnar stórt, smádílótt og eitthvað ummynduð |
| Nothæft í | Styrktarlag/burðarlag |
| Svæði og magn | 4.000 $m^2$ og 20.000 $m^3$ |
| Jörð | Afréttur |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 9,4 km fjarlægð frá stöð 4700, til austurs |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E89) – (0,5 ha/20.000 $m^3$). Líklega er náman ekki rétt staðsett í skipulagsgögnum (sjá teikningu) |
| Verndargildi | Lágt/meðal. Sést frá vegi. |
| Vankantar námu | Kostur er að keyrt er inn á þjóðveginn þar sem lítil umferð er, en fer svo inn á svæði þar sem umferð er töluverð. |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, bora í námu og rannsaka efni. |

## 6. Til austurs og suðurs (vegir 35-08, 30-08)

*E73 – Gýgjarhólskot. Gýgjarhólskotsgryfja (nnr.16504)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Forn árhjalli, flóðafarvegur   |
| Rannsóknir til | Engar rannsóknir til |
| Líklegt efni | Sandrík möl |
| Nothæft í | Fyllingarefni |
| Svæði og magn | 5.000 $m^2$ og 20.000 $m^3$ |
| Jörð | Gýgjarhólskot 3 |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 4,7 km fjarlægð frá stöð 4700, til austurs og suðurs (vegur 30) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E73) – (3 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Meðal, áberandi frá vegi |
| Vankantar námu | |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E72 – Gýgjarhólskot. Gýgjarhólskot 1 (nnr. 20559)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Forn árhjalli, flóðafarvegur   |
| Rannsóknir til | Kornadreifingar, berggreining og LA gildi |
| Líklegt efni | Sandrík möl |
| Nothæft í | Fyllingarefni/styrktarlag |
| Svæði og magn | 10.000 $m^2$ og 40.000 $m^3$ |
| Jörð | Gýgjarhólskot 3 |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 5,8 km fjarlægð frá stöð 4700, til austurs og suðurs (vegur 30 og 358) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E72) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Meðal, áberandi frá vegi |
| Vankantar námu | Tún |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, grafa í námu og rannsaka efni. |

*E71 – Gýgjarhólskot. Við Hvítá (nnr.20560)*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Forn árhjalli, flóðafarvegur   |
| Rannsóknir til | Kornadreifingar, berggreining og LA gildi |
| Líklegt efni | Sandrík möl |
| Nothæft í | Fyllingarefni/styrktarlag |
| Svæði og magn | 10.000 $m^2$ og 40.000 $m^3$ |
| Jörð | Gýgjarhólskot |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 5,9 km fjarlægð frá stöð 4700, til austurs og suðurs (vegur 30) |
| Aðalskipulag | Á skipulagi (E71) – (2 ha/50.000 $m^3$) |
| Verndargildi | Hátt, áberandi frá vegi og á svæði sem er á Náttúruminjaskrá |
| Vankantar námu | Á svæði sem er á Náttúruminjaskrá |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni |

*Blindhæð við Einholtsveg*

| | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Grágrýtishraun  |
| Rannsóknir til | Engar rannsóknir |
| Líklegt efni | Fersk klöpp |
| Nothæft í | Burðarlag/klæðing |
| Svæði og magn | 8.000 $m^2$ og 30-50.000 $m^3$ |
| Jörð | Einholt |
| Fjarlægð frá veglínu/stöð | 7,4 km fjarlægð frá stöð 4700, til austurs og suðurs (vegur 30 og 358) |
| Aðalskipulag | Ekki á skipulagi |
| Verndargildi | Meðal, við veg. |
| Vankantar námu | Alveg við veg, en yrði mögulega til bóta fyrir veginn, þar sem þarna er blindhæð |
| Þarf að gera | Kanna með leyfi til að taka efni, afmarka efnistökusvæði, bora í námu og rannsaka efni.  Koma inn á skipulag. |